

## Héraðsnefndarfundur 9. maí 2022

### Inngangur

Vetrarstarfið 2021 – 2022 var með ýmsu móti. Covid hafði enn talsverð áhrif á tónleikahald, en kennsla gekk lengst af snurðulaust. Á vorönn fóru kennarar að smitast hver á fætur öðrum og fjöldi nemenda forfallaðist vegna veikinda. Illviðri og ófærð gerðu okkur erfitt fyrir á köflum, en þar bjargaði nýfengin reynsla af fjarkennslu mörgum kennslustundum. Nú erum við komin í gegnum mesta covid- og veðraskafllinn og vorlökarnir stinga alls staðar upp kollinum í formi tónleika og annarra viðburða – sem við fögnum mjög.

### Tónleikahald

Tónleikahald gekk yfirleitt vel, en covid setti stundum strík í reikninginn. Í vetrarbyrjun komu nemendur fram við ýmis tækifæri, s.s. við skólasetningar grunnskóla, í útvarpsmessu og á kennarþingi. Frá því í mars hefur tónleikahald verið með miklum blóma.

**Ungsveit Sinfóníunnar** hélt tónleika í Eldborgarsal Hörpu í septemberlok. Þar tóku þátt tveir nemendur skólans, þær Elísabet Anna Dudziak og Hildur Tanja Karlsdóttir.

**Deildartónleikar** haustannar voru með ýmsu móti. Rytmískir-, píanó- og blokkflautudeildartónleikar voru haldnir samkvæmt áætlun í nóvember, strengjadeildartónleikar voru teknir upp að hluta og sendir foreldrum, söngdeildartónleikar færðust fram í mars, en blásara- og gítardeildartónleikar féllu niður vegna covid.

**Hausttónleikar** kennara voru í lok nóvember.

**Jólakveðja tónlistarskólans** var tekin upp í desember, en um 60 nemendur tóku þátt í því verkefni. Vegna fjöldatakmarkana var nemendur skipt upp í fimm hæfilega stóra hópa sem voru teknir upp hver fyrir sig. [Jólakveðja Tónlistarskóla Árnésinga](#).

**Miðdeildartónleikar** voru haldnir með hefðbundnu sniði 17. mars.

Svæðistónleikar **Nótunnar** (uppskeruhátíðar tónlistarskólanna), voru haldnir í Salnum í Kópavogi 19. mars. Þrjú atriði tóku þátt frá Tónlistarskóla Árnésinga, gítartrío, rytmísk sveit og einsöngvari.

**Framhaldsdeildartónleikar** voru haldnir 25. mars. Glæsilegur hópur nemenda kom fram.

**Vínarbrauðstónleikar** strengjadeildar voru haldnir í Árnesi 1. maí fyrir fullu húsi. Vínarbrauðstónleikar hafa átt fastan sess í tónleikahaldi skólans og voru þetta 20. Vínarbrauðstónleikar strengjadeildar. – Heilmikil tónlistarhátíð sem endaði að vanda með vínarbrauði og öðru kruðeríi í dagskrárlok.

**Vortónleikar** kennara standa nú sem hæst og eru nokkrir tónleika á hverjum degi.

**Skólaslit** verða svo aftur hefðbundin á öllum kennslustöðum í vor, eftir tveggja ára hlé.

### Aðrir viðburðir og verkefni

Viðburðir utan veggja tónlistarskólans voru mun færri en í venjulegu ári vegna covid.

**Hljóðfærakynningar í grunnskólum** fóru þó fram með hefðbundnu sniði á vorönn, en hver grunnskóli fékk fimm heimsóknir frá Tónlistarskóla Árnesinga þar sem hver hljóðfæraflokkur er kynntur nemendum í 2. bekk.

Nokkrir nemendur léku á **upplestrarkeppnum grunnskólanna** í mars.

Í undirbúningi eru ferðir nemenda á **námskeið erlendis** í vor og sumar.

## Samstarf tónlistarskóla

Föstudaginn 22. apríl fékk Tónlistarskóli Árnesinga heimsókn frá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar (skólastjóra, kennara og eldri söngnemendur), en gestirnir fengu söngnámskeið og stuttan fyrirlestur um starfsemi Tónlistarskóla Árnesinga.

Samstarf tónlistarskóla er alltaf mjög gefandi. Heimsóknir og upplýsingagjöf, námskeiðahald, samæfingar hljómsveita og samspilshópa, æfingabúðir o.fl. Allt eflir þetta starf skólanna og gefur nemendum og kennurum færi á að upplifa og læra eitthvað nýtt. Samstarf skóla er því oft sannkölluð vítamínsprauta í skólastarfið.

## Námskeið kennara

Suzuki-kennarar sækja flestir Suzukikennaranám, samhliða kennslu. Einn kennari er í meistaranámi í söng- og hljóðfærakennslu við LHÍ.

## Áhrif Covid-19

Covid-19 hafði talsverð áhrif á starfsemi tónlistarskólans í vetur. Kennsla var þó yfirleitt með hefðbundnum hætti, en forföll nemenda og kennara lituðu vorönnina. Gripið var til fjarkennslu þegar þörf var á.

Deildatónleikar haustannar urðu að hluta til fyrir barðinu á covid. Einir tónleikar fluttust fram í mars og tvennir féllu niður þetta árið.

Hausttónleikar voru haldnir með ýmiskonar takmörkunum, en jólaspilamennska „út í bæ“ féll niður vegna covid.

Í febrúar féll niður tónleikadagur í tilefni af Degi tónlistarskólanna.

Heldur færri próf voru tekin á prófadögum í mars og óvenju mörgum prófum frestað fram í maí vegna forfalla á vorönn.

Stórtónleikum sem vera áttu í maí, var frestað fram í nóvember, en æfingar samspilshópa og hljómsveita áttu undir högg að sækja vegna mikilla forfalla.

## Starfsmannamál

Sem fyrr er kennarahópurinn mjög stöðugur og lítil hreyfing á fólki.

Hjörtur B. Hjartarson fer á eftirlaun í haust eftir 29 ára starf við skólann. Hann hefur kennt á ýmis tréblásturshljóðfæri, píanó og gítar og komið við á mörgum kennslustöðum. Þökkum við honum innilega fyrir öll árin sem hann léði Tónlistarskóla Árnesinga krafta sína.

Heimir I. Guðmundsson málmblásturskennari hverfur til kennslu í Reykjavík og þökkum við hönum vel unnin störf sl. þrjú ár.

Ritaraskipti urðu 1. mars 2022 þegar Guðrún Helgadóttir lét af störfum af heilsufarsástæðum og Anna Jónsdóttir tók við. Guðrúnu þökkum við ánægjulega samfylgd sl. ár.

## Rekstur skólans - Kjarasamningar

Rekstur skólans var í góðu jafnvægi árið 2021 sem sjá má í ársreikningi.

Nýir kjarasamningar tónlistarskólakennara við samninganefnd sveitarfélaga tóku gildi 1. janúar 2022 og gilda til 31. mars 2023.

7. maí 2022  
*Helga Sighvatsdóttir*  
skólastjóri